

Sp. 508. Tillaga til þingsályktunar [261. mál]
um lagningu aðalflutningslínu milli Grímsárvirkjunar og Hornafjarðar.

Flm.: Helgi F. Seljan.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að á árinu 1979 verði hafist handa um lagningu aðalflutningslínu milli Grímsárvirkjunar og Hornafjarðar og tryggt verði nægilegt fjármagn til framkvæmdanna.

Greinargerð.

Á Alþingi 1975 flutti Þorsteinn L. Þorsteinsson þingsályktunartillögu um að skora á ríkisstjórnina að hefjast handa um lagningu aðalflutningslínu milli Grímsárvirkjunar og Hornafjarðar á árinu 1976. Tillagan fékk ekki afgreiðslu, og er nú endurflutt af enn brýnni þörf en áður.

Margar af þeim forsendum, sem þá var getið í tillögunni, eru enn í fullu gildi og aðrar komnar til sögunnar. Í fyrri greinargerð sagði m. a.:

„Fyrir atbeina fyrrverandi orkumálaráðherra var hafist handa um að nýta enn frekar en orðið var innlenda orku til húsa-hitunar og lagður grundvöllur að því markmiði. Á þeim svæðum, þar sem jarðvarmi var ekki fyrir hendi, þótti einsýnt að raforkan ein leysti þetta viðfangsefni. Þannig var m. a. ástatt á Austurlandi.

Austurland hefur lengi búið við vöntun á nægri raforku frá vatnsorkuverum og dísilorka verið notuð til að bæta þar úr brýnni þörf. Oft hafa vandamál skapast vegna raforkuskorts, en hann hefur stafað m. a. af mikilli aukningu orkunotkunar á svæðinu.

Á Austurlandi eru fjögur aðskilin veitusvæði. Meginsvæðið er frá Borgarfirði eystra til Lónsheiðar með Grímsár- og Lagarfossvirkjanir, en Vopnafjörður, Bakka-fjörður og A.-Skaftafellssýsla eru aðskildar einingar.

Um það verður naumast deilt, að samtenging þessara svæða með einum eða öðrum hætti er brýnt nauðsynjamál.

Á veitusvæði A.-Skaftafellssýslu er eina vatnsaflsvirkjunin þar, Smyrlabjargaárvirkjun, nú þegar fullnýtt. Orkuframleiðsla með dísilvélum er þar nú töluverð, og verður því aukinni raforkuþörf komandi tíma aðeins mætt með dísilorku ef annað kemur ekki fljótlega til.

Þess má geta, að meðalaukning á notkun raforku í A.-Skaftafellssýslu hefur verið um 26% á s. l. 4 árum.“

Tillagan er endurflutt í samráði við Þorstein og frá honum eru þessar viðbótarupplýsingar:

„Meðalaukning orkunotkunar á svæðinu hefur nokkuð hægt á sér frá því tillagan var flutt. Nú er rafvæðingu sveitanna í A.-Skaftafellssýslu lokið og aukning milli árana 1976 og 1977 13.6%. Hluttur dísilvéla í heildarframleiðslunni eykst hröðum skrefum, þar sem Smyrlabjargaárvirkjun er löngu fullnýtt og aukningunni því aðeins mætt með vaxandi dísilvélanotkun að óbreyttum aðstæðum, og þar sem vélarafli í dísilstöðinni á Hornafirði er senn á þrotum, þarf nú þegar á þessu ári að bæta þar við vélakosti til að koma í veg fyrir að skapist vandræðaástand á næsta vetri. Núverandi afl dísilstöðvarinnar er 3290 kw.

Á árinu 1976 var heildarframleiðsla orku í A.-Skaftafellssýslu 14.5 Gwst. og framleiðsla með dísilvélum 28% af því. En á árinu 1977 var heildarframleiðslan 16.4 Gwst. og hluttur dísilvélaframleiðslunnar var þá orðinn 43%. Líka má geta þess, að olíunotkun í dísilstöðinni á s. l. ári var rúmar 2 milljónir lítra og með núverandi verðlagi á olíu er þarna um 78 millj. kr. kostnað að ræða.

Á þessari stundu eru rafvæðingarmál á Austurlandi í nokkurri óvissu. Engin ákvörðun hefur verið tekin um virkjun Bessastaðaár og framkvæmdum við að-

flutningslínu milli Kröflu og Fljótsdalshéraðs hefur verið í tvísýnu stefnt vegna fjárvöntunar, þannig að ófremdarástand gæti skapast í fjórðungnum verði ekki séð til þess að ljúka þessari línubyggingu í haust.

Eins og fyrr segir er aukning á orkunotkun í A.-Skaftafellssýslu um 13% á ári og fyrirsjáanlegar stórframkvæmdir vegna stækkunar dísilstöðvarinnar á Hornafirði, ef ekki á að koma til ófremdarástands í sýslunni. Einnig er nú ríkjandi nokkurt óvissuástand varðandi framtíðarlausn á upphitun íbúðarhúsnæðis á staðnum, einkum á Höfn, og ljóst að stöðugt vaxandi notkun á rándýru innfluttu eldsneyti, hvort heldur er til húsaþykkinga eða framleiðslu á raforku, er þjóðhagslega óhagkvæm. Takist að ljúka línubyggingunni milli Kröflu og Fljótsdalshéraðs á næsta ári er það ljóst, að taka verður ákvörðun um þessa línubyggingu sem fyrst og tryggja fjármagn til framkvæmdanna.“

Lokaorð í fyrri greinargerð Þorsteins voru:

Margir þættir við uppbyggingu atvinnulífsins hér hafa kallað og kalla á aukna raforku. Má þar m. a. nefna ný frystihús á Hornafirði og Djúpavogi og heyköggla-verksmiðju í Flatey á Mýrum, auk þess sem ýmsir möguleikar gætu skapast fyrir iðnað á svæðinu.

Það er því augljóst mál, að endurbætur á flutningskerfi orkunnar með samtengingu svæðisins eru aðkallandi til úrlausnar, bæði vegna vaxtar og viðgangs byggðarlaganna og um leið skapa þær öryggi fyrir íbúana.